

## Erindisbréf

### Stýrihópur vegna verkefnisins Hafnarfjörður – heilsueflandi samfélag, málsnr. 1503055

#### Hlutverk:

Stýrihópurinn skal gera tillögu til bæjarráðs um lýðheilsustefnu Hafnarfjarðar. Jafnframt skal hópurinn vinna aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu um heilsueflandi samfélag og heilsueflandi vinnustað. Í aðgerðaráætlun yrðu settir fram þeir áfangar sem ætti að ná, þeir tímasettir og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Markmiðið er að niðurstöður verði tilbúna tímanlega þannig að hægt verði að taka tillit til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2017. Þá leggur hópurinn drög að verkefnum sem hægt er að hefja strax á þessu ári og fylgist með framgangi þeirra.

#### Skipan starfshópsins:

Hópurinn skipa níu fulltrúar. Þrír tilnefndir af bæjarráði, tveir fulltrúar frá fræðslu- og frístundaþjónustu (a.m.k. annar þeirra skólastjóri grunn- eða leikskóla), fulltrúi frá fjölskylduþjónustu, fulltrúi frá umhverfis- og skipulagsþjónustu, fulltrúi sameiginlega frá fjármála- og stjórnsýslusviði og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar. Bæjarráð skipar hópurinn og ákveður hver er formaður hans. Hópurinn munu skipa eftirtaldir fulltrúar:

- Rósa Guðbjartsdóttir, formaður
- Sverrir Jörstad Sverrisson
- Borghildur Sturludóttir
- Fulltrúi 1 frá fræðslu- og frístundaþjónustu
- Fulltrúi 2 frá fræðslu- og frístundaþjónustu
- Fulltrúi frá fjölskylduþjónustu
- Gunnþóra Guðmudsdóttir frá umhverfis- og skipulagsþjónustu
- Ása Sigríður Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar
- Andri Ómarsson frá fjármálasviði og stjórnsýslusviði

#### Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af bæjarráði og skal skila tillögum til bæjarráðs fyrir lok september 2016. Hópurinn skal funda að jafnaði á þriggja vikna fresti og verður þeim fulltrúum í hópunum sem ekki sitja í honum sem starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar, Markaðsstofu Hafnarfjarðar eða Embættis landlæknis greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar um greiðslur vegna setu í ráðum og nefndum, að hámarki 10 sinnum. Með starfshópnum starfar Árdís Ármannsdóttis samskiptastjóri. Hópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Hópurinn skal halda fundargerðir. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum. Stýrihópurinn starfar til ársloka 2016.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar x. apríl 2016